

Ed.

**668. Frumvarp til laga**

[273. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Flm.: Björn Fr. Björnsson.

**1. gr.**

Við 2. gr. laganna bætist:

Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker sýslunefnd úr. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir fullnaðarúrskurð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Bein ákvæði eru ekki talin vera í löggjöf okkar um það, hver staðarmörk sveitarfélaga eru, þegar til afréttu kemur og nær dregur hálendi landsins. Í stjórnarskránni segir í 76. gr.: „Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum“. Til samræmis við þetta stjórnarskrárákvæði hafa verið sett lög um sveitarstjórnir og eru gildandi lög í þessu efni frá 1961. Þar segir í 1. gr.: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Síðan segir í 2. gr. laganna, að með sveitarfélögum sé átt við hreppa og kaupstaði.

Með hliðsjón af tilvitnuðum lagagreinum er auðsætt, að fá eða engin landssvæði séu þau, að eigi skuli falla undir stjórn sveitarfélags. Um nokkur afréttarlönd mun svo ástátt, að nokkur óvissa þykir ríkja um það, hvaða sveitarfélag hafi þar rétt og skyldur að sveitarstjórnarlögum. Er auðsætt, að þessi landssvæði eiga og þurfa að heyra til einhverju sveitarfélagi.

Afréttir okkar eru allstór hluti landsins alls. Þeir hafa verið og eru nýttir á ýmsa lund. Svo hefur verið um aldir. Á því er enginn vafi, að nýting þeirra mun færast mjög í vöxt. Fyrst koma í hug hinir miklu uppgræðslu- og ræktunarmöguleikar. Þá má t. d. geta þeirra framkvæmda, sem eiga sér stað á afréttum sunnanlands til undirbúnings stórvirkjunum. Þar hafa verktakar og fyrirtæki þeirra bæki-stöðvar og fjöldi manna atvinnu mikinn hluta árs. Þegar fram líða stundir, munu þeir verða eigi allfáir, sem þar starfa að staðaldri og setjast að. Viðar á slíkum landssvæðum getur komið til margs konar framkvæmda bæði á vegum opinberra aðila og einstaklinga. Þykir flm. sú skipan afréttarlands, að því er sveitarstjórn varðar, nærtækust og eðlileg, að það heyri því sveitarfélagi til, sem þar hefur haft eignar- eða afnotarétt og rækt þær skyldur, sem slíkum rétti fylgja.

Vera má, að fleiri en eitt sveitarfélag hafi átt og eigi sameiginlega afrétt, og verður þá í fyrsta lagi að gera ráð fyrir samkomulagi innbyrðis með þeim um, hvernig haga skuli staðarmörkum. Náist hins vegar ekki samkomulag, þykir rétt, að viðkomandi sýslunefnd skeri úr, en úrskurði hennar megi skjóta til félagsmálaráðherra.